

Starfsáætlun leikskólans

Höfðabergs

2022 – 2023



Höfðaberg
Æðarhöfði 2
S:5784499
<https://hofdaberg.karellen.is/>
tinnarun@lagafellsskoli.is

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Ávarp leikskólastjóra	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	4
2.1 Matsáætlun	4
2.2 Innra mat leikskólans á leikskólastarfi.....	4
2.3 Ytra mat.....	5
2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats.....	6
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	8
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	8
4. Starfsmannamál og áætlanir	10
4.1. Starfsmannahópurinn 1.september	10
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	10
4.4 Símenntun frá síðasta ári.....	10
4.5 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar	12
5.1 Barnahópurinn.....	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir	13
5.4 Almennar upplýsingar	13
5.5 Áætlanir	13

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

1. Ávarp leikskólastjóra

Höfðaberg er hluti af Lágafellsskóla og hafa starfsáætlanir skólanna verið sameiginlegar. Nú er komið að því að Höfðaberg gerir sína eigin starfsáætlun enda skólinn orðinn stór. Á eru 136 leikskólabörn við leik og störf í Höfðabergi en nefna má að vorið 2019 voru leikskólabörn hér 45. Leikskólinn Höfðaberg hefur því stækkað hratt og breytingar verið miklar síðustu ár. Samhliða fjölgun barna hefur fjölgað í starfsmannahópnum. Það hefur gengið ágætlega að ráða fólk og erum við heppin með mannauðinn hér þrátt fyrir að mannbreytingar hafi verið þó nokkuð miklar sem reynir á starfsemina. Mikilvægt er að styrkja starfsmannakjarnann.

Þessar breytingar héldu áfram síðastliðinn vetur en þá fóru grunnskólabörnin okkar aftur yfir í Lágafellsskóla og í staðinn hófu þriggja ára börn nám í Höfðabergi. Um haustið voru deildirnar sex en í mars 2022 fjölgaði börnunum þegar við opnuðum sjöundu deildina okkar Spóaberg, en þá komu yngstu þriggja ára börnin yfir til okkar frá Huldubergi.

Spennandi tímar eru framundan þar sem margt er á döfinni. Við höfum hafist handa við að útbúa nýjar kennsluáætlanir með áherslu á samfellu á milli aldurshópa. Teymi hafa verið stofnuð sem sjá um að halda utan um hvern námsþátt sem við vinnum með. Teymin eru eftirfarandi Blær, Grænfáni, Lubbi finnur málbein, markviss málörvun, stærðfræði, vettvangsferðir og þema.

Önnur vinna framundan er verkefni um innra mat ásamt því að unnið verður að því að uppfæra skólanámskrá Höfðabergs og handbókina um snemmtæka íhlutun.

Starfsmenn Höfðabergs stefna að því að fara í námsferð vorið 2023 þar sem farið verður á námskeið sem hjálpar okkur að gera gott leikskólastarf betra og er hluti af hópefli starfsmanna Höfðabergs.

Tinna Rún Eiríksdóttir

Leikskólastjóri Höfðabergs

Mosfellsbæ

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Matsáætlun

Skólaárið 2022-2023 munum við meta:

Aðlögun

Við munum meta aðlögun nýrra barna sem og aðlögun 5 ára barna sem voru að skipta um deild. Foreldrar munu fá senda eina stutta könnun þar sem þeir svara nokkrum spurningum um upplifun sína af aðlögun barnsins síns á Höfðabergi.

Kennsluáætlanir

Við erum að þróa samfellu á milli aldurshópa vegna breytinga á aldurshópi skólans. Við höfum stofnað ýmis teymi til þess að halda utan um faglegt starf skólans.

Teymin eru Blær, Lubbi finnur málbein, stærðfræði, málörvun, vettvangsferðir, þema og grænfána teymi.

Þessi teymi hafa lagt fram kennsluáætlanir fyrir starf vetrarins. Þessar kennsluáætlanir verða metnar tvisvar sinnum á þessu skólaári, um áramót og í vor.

Allir hópstjórar meta hverja kennslustund og metur deildin svo sameiginlega kennsluáætlunina á sinni deild með því að skila greinagerð til hvers teymis. Teymið sér um úrvinnslu.

Matartími í 5 ára álmu

Fyrirkomulag matartíma í þessari álmu verður metinn. Í ágúst höfum við verið að skoða gæði matartíma hjá þessum aldri, varðandi borðsiði, málörvun/samveru, hljóðvist, sjálfshjálp o.fl.

Í september stendur til að breyta fyrirkomulagi. Starfsmenn álmunnar meta í febrúar hvort að breytingin hafi skilað tilætluðum árangri.

2.2 Innra mat leikskólans á leikskólastarfi

Stytting vinnuviku

Stytting vinnuviku var metin á síðasta skólaári. Ýmsar útfærslur hafa verið reyndar á Höfðabergi t.d. stytting í 4klst eftir hádegi aðra hvora viku, styttingu í 2klst á viku til skiptis að morgni og seinnipart. Samráðshópur um styttingu vinnuvikunnar á Höfðabergi hélt utan um ferlið. Þessi samráðshópur var skipaður leikskólastjóra, deildarstjóra í FL og deildarstjóra í Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar og leiðbeinanda í Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar.

Allir starfsmenn Höfðabergs komu að matinu. Niðurstaðan var sú að starfsmönnum þótti of mikið álag þegar starfsmaður fór vegna styttingar. Ákveðið var að breyta fyrirkomulaginu í daglega styttingu en starfsmenn í 100% starfi fá 30 mínútna styttingu á dag og vinna þ.a.l. 7,5 klukkustundir á dag og eru með fastan vinnutíma. Allir starfsmenn taka út styttingu sína á sama hátt. Eins var ákveðið að stytta ekki kaffitíma vegna þess að við teljum þá mikilvæga fyrir starfsandann, eins er leikskólastarf erfitt starf og því nauðsynlegt fyrir starfsmenn að fá sínar pásur.

Félagsfærni 5 ára barna

Síðastliðið haust vorum við í fyrsta sinn með félagsfærni námskeiðið Litlu snillingarnir. Námskeiðið var fyrir elsta árganginn. Áhersla var lögð á að auka færni barna í félagslegum samskiptum, tilfinningastjórnun, sjálfstjórn, bæta athyglisgetu þeirra og skipulagsfærni. Námskeiðið var 2x í viku fyrir hvern hóp í 9 vikur (alls 17 tímar). Árgangurinn var fjölmennur og því urðu hóparnir átta, í hverjum hóp voru 6-7 nemendur.

Tímunum var skipt niður í 4 stöðvar, vinastöðin, tilfinningastöðin, lausnastöðin og stoppistöðin. Verkefni byggja á hugrænni atferlismeðferð fyrir börn: horft er á hvernig hægt er að leysa einstök vandamál, ný túlkun á aðstæðum, finna mögulegar lausnir, hlutverkaleikir, nám í gegnum leik og sjónræn verkefni.

Verkefnið reyndist vel, fékk börnin til að hugsa um hvort annað og vináttu. Einnig hjálpaði verkefnið nokkrum nemendum að stíga út fyrir þægindarammann þegar þau þurftu m.a að gera æfingar fyrir framan hópinn.

Eldhús

Unnið var að því að skipuleggja innkaup, minnka matarsóun, auka hagkvæmni í eldun með því að einfalda skipulagið. Farið var að panta frá færri birgjum og reynt að finna mat sem innihélt ekki ofnæmisvalda með það að leiðarljósi að ekki þyrfti að elda margrétta á hverjum degi.

Farið var af stað með þessar breytingar þar sem mönnun í eldhúsi hefur verið erfið frá því í desember 2021 og álag því mikið.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri ásamt matráðum hafa tekið þátt í þessari vinnu. Vinnan hefur gengið vel, við höfum náð að einfalda matráði eldun flesta daga vikunnar og starfsmenn á Höfðabergi almennt ánægðir með nýjungar í matargerð og fjölbreyttara fæði.

2.3 Ytra mat

Framkvæmd er foreldrakönnun á Höfðabergi annað hvert ár. Skólapúlsinn sér um framkvæmd könnunar. Í kjölfarið er gerð umbótaáætlun þar sem unnið er með veikleika sjá lið 2.4.

Starfsmannakönnun er framkvæmd árlega. Mannauðsdeild Mosfellsbæjar sér um framkvæmd könnunar.

Á 5 ára fresti er sótt um úttekt á leikskólanum til Menntamálastofnunar. Umsjón með því hefur Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar.

2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Foreldrakönnun Höfðabergs var framkvæmd í febrúar 2022, í kjölfarið var rýnt í niðurstöður og umbótaáætlun gerð. Ákveðið var að vinna sérstaklega með þrjá þætti starfsins.

Heimasíða Höfðabergs

Höfðaberg hefur síðastliðin ár verið hluti af heimasíðu Lágafellsskóla. Í desember 2021 hófum við vinnu við að útbúa heimasíðu fyrir leikskólann. Heimasíðan var birt í miðri foreldrakönnun í febrúar 2022. Finna má helstu upplýsingar leikskólans á heimasíðunni.

Helstu markmið eru að gera heimasíðuna sýnilegri, að deildarstjórar auglýsi heimasíðuna oftari í vikupóstum til foreldra. Eins höfum við hug á að bæta inn ýmsum upplýsingum.

Tengsl við foreldra

Á covid tímum þá minnkuðu tengsl starfsmanna við foreldra. Á tímabili máttu foreldrar ekki koma inn í leikskólann og urðu samskiptin þá minni. Eins féllu niður ýmsir viðburðir sem foreldrar voru vanir þátttöku. Í maí 2022 vorum við með opið hús fyrir foreldra í fyrsta sinn og stefnum við að því að gera það að árlegum viðburði. Eins stefnum við á að endurvekja foreldrakaffi sem er skemmtileg samverustund barna, foreldra og starfsmanna.

Foreldrar fá sendan vikupóst frá deildarstjóra í hverri viku.

Í niðurstöðunum kom einnig fram að sumir foreldrar hitta aldrei deildarstjóra barnsins síns. Það eru þá yfirleitt foreldrar þeirra barna sem eru með 8,5 tíma vistun fyrir barn sitt eða meira. Við tókum því þá ákvörðun í samráði við deildarstjóra um að breyta vinnutíma allra deildarstjóra í Höfðabergi. Breytingin tók gildi í maí 2022. Fyrir breytingu var enginn deildarstjóri í vinnu eftir klukkan 16:00. Eftir breytingu þá vinna allir deildarstjórar einn dag í viku til 16:30. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og teljum við það auka öryggi í húsi eftir klukkan 16:00 þar sem fleiri reyndari starfsmenn eru þá að störfum. Eins teljum við mikilvægt fyrir deildarstjóra að hafa yfirsýn yfir allan daginn í starfi deildarinnar.

Skólanámskrá

Höfðaberg hefur stækkað hratt síðustu ár ásamt því að miklar breytingar hafa orðið á aldri barnanna. En nú er komið ár frá því að grunnskólahluti Höfðabergs fór aftur yfir í Lágafellsskóla og komu í staðinn yngri börn til okkar.

Kominn er tími til þess að uppfæra skólanámskrá leikskólans og stefnum við á að gera það í vetur.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Endurmat
Heimasíða Höfðabergs	Gera heimasíðuna sýnilegri og setja inn fleiri upplýsingar	Desember 2022	Leikskólastjóri	Vor 2023
Tengsl við foreldra	Breyting á vinnutíma deildarstjóra. Vinna nú einn dag í viku til 16:30. Opið hús foreldrakaffi	Maí 2022 Maí 2022 og framvegis að vori. Desember 2022 og framvegis einu sinni á ári.	Stjórnendateymi leikskólans	Foreldraviðtöl og Foreldrakönnun 2024
Skólanámskrá	Móta stefnu leikskólans fyrir börn á aldrinum 3-5 ára	Mars 2023	Stjórnendateymi leikskólans	Eftir 3-5 ár.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn

Unnið hefur verið að því að útbúa starfsmannakver með öllum helstu upplýsingum fyrir starfsmenn sem staðsett eru á hverri deild.

Eftir á að skrásetja nákvæma verkferla þegar nýr starfsmaður tekur til starfa. Stefnt er að því að klára þessa vinnu í nóvember 2022.

Kennsluáætlanir/vinna í teyllum

Vegna hraðrar stækkunar Höfðabergs síðastliðin ár, ásamt breytingum á aldri barna er hafin vinna við að endurnýja allar kennsluáætlanir. Með því erum við að þróa samfellu í námi barnanna á Höfðabergi. Með því að hafa sama form á öllum kennsluáætlunum og hafa þær sýnilegar starfsfólki þá tryggjum við það að allir starfsmenn geti tekið þátt í öllu starfi leikskólans. Þannig eykst öryggi starfsmanna og allir eru vel upplýstir um starfið. Á sama hátt aukum við sýnileika starfsins til foreldra sem geta markvisst fylgst með námi barna sinna.

Vorið 2022 hófst vinna í teyllum þar sem hvert teymi sér um ákveðið námsefni. Einn starfsmaður í hverri álmu leikskólans tekur þátt í hverju teymi en teymisstjóri ber ábyrgð á vinnunni. Teymið sér um að útbúa kennsluáætlun sem birt verður á heimasíðu Höfðabergs ásamt því að setja upp tímaáætlun fyrir hvern aldursþóp.

Í vetur munum við svo prufukeyra þessar kennsluáætlanir og meta tvisvar yfir skólaárið.

Teymin sem um ræðir eru:

Lubbi finnur málbein, Blær, Stærðfræði, Markviss málörvun, Vettvangsferðir, þema og Grænfánateymi.

Móttökuáætlun barna

Síðustu ár höfum við unnið eftir ákveðnu skipulagi. Foreldrar hafa fengið sendan foreldrabækling áður en barn þeirra hefur nám í Höfðabergi ásamt því að bæklingur er birtur á heimasíðu skólans. Vinnan framundan er að skrá niður nákvæman verkferil.

Starfsmannasamtöl

Síðastliðið ár höfum við unnið að því að móta starfsmannasamtöl í Höfðabergi. Vinnan framundan er að skrá niður nákvæman verkferil viðtalanna.

Áherslur leikskólans næsta skólaár

Verkefni	Markmið/leiðir	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	Endurmat
Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn	Útbúa starfsmannakver sem er aðgengilegt á öllum deildum	Nóvember 2022	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Haust 2023
Kennsluáætlanir/ vinna í teymum Lubbi finnur málbein Blær Stærðfræði Markviss málörvun Vettvangsferðir Grænfánateymi Þema	Gera starfið sýnilegt, veita starfsmönnum öryggi í starfi. Próa samfellu í kennsluáætlunum 3-5 ára barna.	Skólaárið 2022-2023	Teymisstjóri og stjórnendur leikskólans	Júní 2023
Móttökuáætlun barna	Verkferill skráður	Nóvember 2022	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Haust 2023
Starfsmannasamtöl	Uppfæra verkferil	Október 2022	Stjórnendateymi leikskólans	Júní 2023

4. Starfsmannamál og áætlanir

4.1. Starfsmannahópurinn 1.september

Stöðugildi í Höfðabergi eru frá 1.mars 2022 33,27. Þann 1.maí störfuðu 36 starfsmenn í Höfðabergi í mismunandi starfshlutfalli. Þann 1.september 2022 eru við störf 35 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Þrír starfsmenn eru með annað móðurmál en íslensku, en það eru pólska og spænska. Leikskólakennarar í Höfðabergi eru sex og sex starfsmenn hafa aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Mannauður Höfðabergs	Maí 2022	Sept. 2022
Fjöldi starfsmanna	36	35
Fjöldi starfsmanna 0-1 árs starfsaldur	10	10
Fjöldi starfsmanna 1-5 ára starfsaldur	8	9
Fjöldi starfsmanna 5-10 ára starfsaldur	7	6
Fjöldi starfsmanna 10-20 ára starfsaldur	11	10
Fjöldi leikskólakennara	6	6
Fjöldi háskólamenntaðra starfsmanna	5	6
Fjöldi starfsmanna í leikskólakennara/þroskaþjálfanami	1	2
Annað móðurmál en íslenska	2	3

4.2 Starfsþróunarsamtöl

- Deildarstjórar ræða við nýja starfsmenn á deildinni sinni eftir nokkrar vikur í starfi.
- Deildarstjórar taka starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á sinni deild á haustönninni.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri bjóða öllum starfsmönnum upp á starfsþróunarsamtöl að vori.
- Allir starfsmenn hafa greiðan aðgang að stjórnendum og geta óskað eftir samtali þegar þörf er á.

4.4 Símenntun frá síðasta ári

- Á síðasta skólaári fóru allir starfsmenn Höfðabergs á skyndihjálparnámskeið, samtals. 3 klst.
- Þrír starfsmenn sóttu Blær vináttu námskeið á vegum Barnaheilla.
- Þrír deildarstjórar fóru á Tras réttindanámskeið og þar með eru allir deildarstjórar á Höfðabergi með þessi réttindi.
- Deildarstjóri stoðþjónustu fór á framhaldsnámskeið Tras og námskeiðið íslenski

málhljóðamælirinn.

- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu námsstefnu Skólastjórafélag Íslands og námsstefnu Félags stjórnenda leikskóla.
- Nýr öryggistrúnaðarmaður fór á öryggistrúnaðarmannanámskeið í maí 2022.
- Deildarstjóri stoðþjónustu og leikskólastjóri sóttu fundi um innra mat leikskóla.

4.5 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Í byrjun september 2022 fóru allir starfsmenn á námskeiðið Lubbi finnur málbein, 3klst námskeið.
- Í september 2022 hafa allir nýir starfsmenn fengið nýliðafræðslu Mosfellsbæjar.
- Stefnt er að því að senda 3-5 starfsmenn á Blæ námskeið á þessu skólaári.
- Starfsmaður í málörvunar teymi leikskólans sækir námskeiðið málörvun með sögum og söng. Námskeiðið er þrjár klukkustundir í senn í 6 skipti.
- Tveir starfsmenn í stærðfræði teymi leikskólans sækja námskeiðið stærðfræði í umhverfi leikskólabarna. Námskeiðið er þrjár klukkustundir í senn í 6 skipti.
- Í apríl 2023 er stefnt að námsferð Höfðabergs til Brighton þar sem ýmis námskeið verða í boði, t.d. Numicon, útikennslunámskeið, vefnaður, skapandi efniviður, storytelling o.fl. 25 starfsmenn hafa skráð sig í ferðina.
- Einn starfsmaður er í mastersnámi í leikskólakennarafræðum í HÍ.
- Einn starfsmaður eru í þroskaþjálfanámi í HÍ
- Allir starfsmenn fara á Leikur að læra grunnnámskeið, 4 tíma námskeið í janúar 2023
- Allir starfsmenn fá fræðslu frá iðjuþjálfva um rétta líkamsbeitingu á starfsdegi í október 2023.
- Yfirþroskaþjálfvi mun fara á AEPS réttinda námskeið hjá RGR.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn

Börn í Höfðabergi	Maí 2022	Sept. 2022
Fjöldi barna	138	136
3 ára börn	47	43
4 ára börn	42	48
5 ára börn	49	45
Fjöldi tvítyngdra barna	13	18
Fjöldi barna með báða foreldra erlenda	6	7
Fjöldi tungumála	7	10

Þau tungumál sem börnin í Höfðabergi tala eru íslenska, enska, rússneska, litháenska, sænska, portúgalska, þýska, spænska, pólska, úkraínska og tyrkneska.

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð Höfðabergs og skólaráð Lágafellsskóla er sameiginlegt með Lágafellsskóla. Eins eru Höfðaberg og Lágafellsskóli með sameiginlegt foreldrafélag.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári. Foreldrar eru boðaðir einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn í viðtal við deildarstjóra. Boðið hefur verið upp á annað hvort rafrænt viðtal, símaviðtal eða viðtal í Höfðabergi.

Síðasta ár gáfust ekki mörg tækifæri til þess að bjóða foreldrum í hús vegna covid. Við vorum þó með Opið hús fyrir foreldra í maí sl. ásamt því að foreldrum var boðið að koma og vera viðstödd útskrift 5 ára barna.

Þetta skólaárið er stefnt að því að hafa eitt foreldrakaffi ásamt því að bjóða foreldrum aftur í Opið hús næsta vor.

5.3 Samstarf við aðra skóla og stofnanir

- Samstarf Höfðabergs og Huldubergs um heimsóknir 3 ára barna frá Huldubergi. Þetta er hluti af aðlögunar þessa aldurs hóps yfir á Höfðaberg.
- Brúum bilið verkefni með Lágafellsskóla er samstarf um að brúa bilið milli leik- og grunnskóla.
- Gaman saman verkefni með dvalarheimili aldraðra í Mosfellsbæ. Elstu börn leikskóla fara í nokkrar heimsóknir á dvalarheimilið og syngja með eldri borgurum.
- Bókasafnsferðir á Bókasafn Mosfellsbæjar. Öll börn fara í sögustundir á bókasafnið.
- Bókabíllinn Æringi hefur komið í heimsóknir á Höfðaberg og boðið börnum upp á sögustund.
- Húsdýragarðurinn. Elstu börn leikskólans er boðið í heimsóknina sofnað að hausti – vaknað að vori. Þar fá börnin fræðslu um hvað gerist í gróðrinum frá hausti og að vori.
- Elstu börnum leikskólans var boðið í Hörpu til þess að hlusta á Sinfóníuhljómsveit Íslands.

5.4 Almennar upplýsingar

Skóladagatal 2022-2023

<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/sk%C3%B3ladagatal/leikskoladagatal-2022-2023%20-%20h%C3%B6f%C3%B0aberg.pdf>

Foreldrabæklingur Höfðabergs – móttaka nýrra barna

<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/foreldrab%C3%A6klingur.pdf>

Snemmtæk íhlutun

<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/h%C3%B6f%C3%B0aberg%20-%20handb%C3%B3k%20snemmt%C3%A6k%20%C3%ADhlutun.%20lokaskjal%2027.10.20..pdf>

5.5 Áætlanir

Viðbragðsáætlun vegna:

- Óveðurs
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20%C3%B3ve%C3%B0urs.pdf>
- Náttúruhamfara
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20n%C3%A1tt%C3%BAruhamfara.pdf>
- Slysa á börnum og ef börn týnast
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20slysa%20%C3%A1%20b%C3%B6rn%20og%20ef%20b%C3%B6rn%20t%C3%BDnast.pdf>
- Rýmingaráætlun Höfðabergs
<https://hofdaberg.karellen.is/193-hofdaberg.karellen.is/r%C3%BDmingar%C3%A1%C3%A6tlun%20h%C3%B6f%C3%B0abergs.pdf>